

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Reykholt í Þjórsárdal.

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi er varðar Reykholt í Þjórsárdal. Í breytingunni felst hliðrun á byggingarreit B1 auk þess sem lóðarmörk breytast lítillega. Byggingarmagn innan svæðisins er uppfært auk skilmála fyrir fyrirhugað baðlón. Bætt er við byggingarreit fyrir dæluhús (B4). Tilgangur breytinganna er að fella megi byggingar fyrirhugaðra fjallabaða betur að landinu. Samþykkt í sveitarstjórn 18. janúar 2023.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 17. mars 2023.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfudagur: 21. mars 2023